

## Reykjalundur endurhæfing ehf.

### 39. fundur stjórnar 10. október 2023 kl. 8:15-10:15 í Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Fundarritari: Arna Harðardóttir.

Gestir: Helgi Kristjánsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs (lið 2) og Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi hjá Strategíu (lið 3).

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.
2. Fjármál Reykjalundar.  
Helgi fer yfir rekstraruppgjör eftir 8 mánuði ársins 2023. Hallinn stefnir í að vera meiri en áætlað var í endurskoðaðri áætlun sem stjórn samþykkti í júní s.l.. Ákveðið að kynna SÍBS stöðu fjármála. Verkefni framkvæmdastjórnar að fara vel ofan í rekstur. Óskað eftir að fá að sjá fyrstu drög að áætlun næsta árs, 2024, á næsta fundi stjórnar.
3. Stefnumótun Reykjalundar.  
Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi hjá Strategíu og Pétur forstjóri kynna niðurstöður stefnumótunar og næstu skref. Kynna nýja skilgreiningu á hlutverki og framtíðarsýn Reykjalundi. Samþykktar af stjórn. Stefnt að því að kynna 100 daga áætlun á næsta stjórnarfundum. Umræða um breytt skipurit. Stjórn óskar eftir því að fá að fylgjast með framgangi mála.
4. Önnur mál.
  - Pétur segir frá heimsóknnum alþingismanna á Reykjalund í kjördæmaviku sem var nýlega. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn komu í heimsókn.
  - Myndataka stjórnar.

**Fundi slitið kl 10:10.**

**Næsti fundur stjórnar: 14. nóvember, 2023 kl 8:15 – 10:00.**

Anna Stefánsdóttir  
Aldís Stefánsdóttir  
Gunnar Ármannsson  
Arna Harðardóttir